

Úrskurður

Agamál nr. 56/2020-2021

Viðburður:	Leikur Stjórnunnar gegn Grindavík í úrslitakeppni Domino's deildar mfl. kk. sem leikinn var hinn 15. maí 2021.
Kærði:	Hlynur E. Bæringsson, leikmaður Stjórnunnar
Kærandi:	Dómaranefnd KKÍ

Málavextir

Hinn 17. maí 2021 barst aga- og úrskurðanefnd kæra frá dómaranefnd, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga og úrskurðarmál (hér eftir „reglugerðin“), vegna atviks í leik Stjórnunnar og Grindavíkur í úrslitakeppni Domino's deildar mfl. kk. sem leikinn var hinn 15. maí 2021. Kæru dómaranefndar fylgdi myndband af hinu kærða atviki.

Kæra dómaranefndar

Í kæru dómaranefndar kemur fram að á myndbroti því er fylgdi kæru sjáist hvernig kærði slái hönd sinni í höfuð leikmanns Grindavíkur. Dómarar leiksins dæmdu hvorki óíþróttamannslega villu né brottrekstarvillu en með vísan í 7. mgr 6. greinar í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd leggi dómaranefnd KKÍ fram kæru á hendur kærða vegna grófs leiks. Í leikreglum FIBA grein 38.1 komi fram að „öll gróf óíþróttamannsleg hegðun leikmanns, liðsmanna á varamannbekk, þjálfara og annarra starfsmanna liðs er brottrekstrarvilla“.

Greinargerð Stjórnunnar

Aga- og úrskurðarnefnd barst greinargerð vegna málsins frá Stjórnunni stuttu fyrir miðnætti hinn 17. maí 2021. Í greinargerðinni er þess krafist að kærinni verði vísað frá eða henni hafnað.

Í fyrsta lagi hafni Stjarnan lýsingu dómaranefndar af atvikinu. Segir í greinargerð að sjá megi af myndbandsupptöku að hinn kærði og leikmaður Grindavíkur rekist saman með þeim afleiðingum að kærði hrasir aftur á bak. Við það færir hönd kærða niður og lendir á höfði leikmanns Grindavíkur. Engan ásetning megi lesa út úr myndbrotinu.

Bendir Stjarnan á að atvikið hafi orðið tiltölulega snemma leiks og enginn sérstakur hiti milli leikmanna, hvorki þeirra sem um ræðir í þessu máli né annarra á vellinum. Kærði hafi einfaldlega ekki haft nein ástæðu til að slá til leikmanns Grindavíkur. Samkvæmt

greinargerð hefur kærði spilað körfubolta um tveggja áratuga skeið án þess að fá nokkru sinni á sig kæru fyrir viðlíka brot.

Næst er þess krafist að dómur dómara leiksins verði látinn standa. Þeir dómara sem dæmdu leikinn séu einir reyndustu dómara landsins og hafi séð atvikið vel í rauntíma. Ekki hafi farið á milli mála að leikmaður Grindavíkur hafi fengið högg á höfuðið enda hafi hann legið eftir og haldið um höfuð sitt. Dómrarar leiksins hafi þó ekki talið ástæðu til að dæma svo mikið sem óþróttamannslega villu.

Samkvæmt greinargerð er minnt á að meginreglan sé sú að mat dómara á atvikum í leik sæta almennt ekki endurskoðun af hálfu aga- og úrskurðarnefndar. Til að svo megi verða þurfi að sýna fram á að dómara hafi tekið ranga ákvörðun í leik þar sem þeir hafi ekki séð atvikið nægilega vel. Ekkert slíkt sé til staðar hér, heldur hafi dómara séð atvikið vel og haft allar forsendur til að taka sína ákvörðun í leiknum. Við skoðun á myndbroti verði þar að auki ekki annað séð en að mat dómara hafi verið hárrétt. Vísar Stjarnan í þessum efnunum til 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd. Jafnframt er vísað til ákvæðis 47.8 í leikreglum FIBA, sem samkvæmt greinargerð sé afar skýrt um að ákvarðanir sem teknar eru af dómurum leiks eru endanlegar og verða ekki breytt. Jafnframt vísast til reglu 46.1 þar sem sama meginregla komi fram.

Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar

Stjarnan byggir á því að þar sem brot hafi ekki verið framið án vitundar dómara leiksins skuli dómur standa. Ljóst er að heimild aga- og úrskurðarnefndar til að taka til meðferðar atvikaskýrslu eða kæru vegna agabrota, sbr. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál einskorðast ekki við þau tilvik þar sem brot er framið án vitundar dómara leiksins heldur tekur heimildin einnig til þeirra tilviki þar sem dómari leiks hefur ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Í slíkum tilvikum er nefndinni meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.

Það er mat nefndarinnar að myndbandsupptaka sem fylgdi kæru dómara nefndar sýni með óyggjandi hætti að kærði hafi framið brot sem hefði átt að leiða til brottvísunar. Verður þess ekki krafist að sýnt verði fram á að skýr og einbeittur ásetningur hafi staðið til að valda andstæðingi skaða til að brot verði réttilega heimfært undir c-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar um alvarlega grófan leik. Gera verði lágmarkskröfu til leikmanna að gæta sín og andstæðinga sinna, sér í lagi þegar um höfuðhögg eru að ræða. Það hafi kærði ekki gert í umræddu atviki.

Aga- og úrskurðarnefnd telur að umfjöllun um málsmeðferð og hlutverk dómara nefndar sé bæði gagnleg og þörf. Það sé hins vegar ekki verkefni aga- og úrskurðarnefndar KKÍ að taka afstöðu til eða móta málsmeðferð eða hlutverk dómara nefndar. Lögsaga og hlutverk

aga- og úrskurðarnefndar felist fyrst og fremst í því að úrskurða í öllum agamálum KKÍ og vera fyrsta dómstig í kærumálum sem upp koma innan körfuknattleikshreyfingarinnar, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar, m.a. í þeim málum sem dómaranefnd kærir til aganefndar á grundvelli 6. gr. sömu reglugerðar. Í því ljósi, og með vísan til fordæma aga- og úrskurðarnefndar, telur aga- og úrskurðarnefnd að kærður leikmaður Stjórnunnar skuli, skv. j-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar sbr. c-lið sömu málsgreinar, sæta eins leiks banni vegna háttsemi sinnar í leik Stjórnunnar og Grindavíkur í Dominosdeild karla sem fram fór hinn 15. maí 2021.

Úrskurðarorð

Hinn kærði leikmaður, Hlynur E. Bæringsson, skal sæta eins leiks banni vegna háttsemi sinnar í leik Stjórnunnar og Grindavíkur í úrslitakeppni Domino's deildar mfl. kk. sem leikinn var hinn 15. maí 2021.

Reykjavík, 18. maí 2021

Einar Hugi Bjarnason, formaður

Birkir Guðmundarson, varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður

Jónas Már Torfason

Kristinn G. Kristinsson

María Káradóttir